

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1915.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1915.

Skógarhögg:

Í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

Eldiviður	411 1/2 hestb.	
Birgðir f. f. ári	282 "	693 1/2 hestb.
Selt á árinu	112 "	
Eldiviður skógarv.	148 "	
Leyft högg (eldiv.)	154 1/2 "	414 1/2 "
Birgðir í árslok		279 hestb.

Auk þessa hafa verið höggðir 98 raftar, þar af hafa 76 verið seldir, en 22 eru fyrirbyggjandi í skóginum, 38 klyfberagogaefni hafa fallist til á árinu, þar af eru 35 seld, en 3 fyrirbyggjandi um áramótin.

Græðireitur:

Afhent var úr reitnum:

Birki umpl.	5.675 stk.	
Birki fræbeðspl.	4.620 -	
Reyniviður, umpl.	1.546 -	
Reyniviður, fræbeðspl.	70 -	
Fjallafura, umpl.	306 -	
Lerki	735 -	12.952 stk.
Ösp frá Garði		193 -
Viðikvistur frá Sörlast.		2.500 -
	<u>Alls</u>	<u>15.645 -</u>

Af þessum plöntum hafa verið afhentar á endurgjalds: 4775 plöntur og græðikvistir til skógræktarstjórans, 43 plöntur til Stefáns Einarssonar í Möðrudal, 2080 plöntur til skólustjóra Sigurðar Sigurðssonar á Hólum og 700 plöntur til Kvenfélagsins á Akureyri.

Dreifplantað var:

Birki	7.500 stk.
Lerki	7.500 -
Reyniviður	650 -
Lerki (útlendar)	1.000 -
	<u>Alls 16.650 stk.</u>

Sáð var 8 1/2 kg. birki frá og 10 kg. reyniviðar frá.

Gróðursetning:

Í skóginum hafa verið gróðursettar 1600 umplantaðar fjalla-
furuplöntur úr græðireitnum.

Ýmisllegt:

Þetta árið hefir vöxturinn í skóginum og græðireitnum verið með lang rýrasta móti, fjölda margir árssprotar eru ekki lengri en 5 - 8 cm. eftir sumarið og sumir hafa ekki einu sinni náð þeim vexti. Einkum var það hætt naturfrost fyrst í júlímánuði, sem kippti úr vextinum, eða stöðvaði vöxtinn algerlega um tíma.

Viður sem höggvinn var síðast í maímánuði (ólaufgaður), léttist til byrjun októbermánaðar um 25%. Var honum skift í tvo flokka, það grófara og hið smærra út af fyrir sig. Léttist smærri viðurinn um 27%, en sá grófari um 23%.

Af tveim blettum hvor 1/9 dagsláttur- að stærð, var viður sá sem féll við grisjunina veginn og féllu að meðaltali 765 kg. af hvorum blettinum. Eftir því ættu að falla um 68 - 69 hestburðir af hverri dagsláttu.

Á nokkrum stöðum hefi ég skift skóginum í reiti, þar sem mér helst hefir sýnst að vanta mætti að það gæti orðið að gaggi við væntanlega grisjun.

Á Sigríðarstöðum virtist mér reitskipting heppilegust þannig:

- I. Flekabarð, sem er norðvestasti hluti skógarins.
 - II. Höfðaskógur norðan frá Merkjugili suður og austur að Flekabarðshól, norðan að Flekabarði og upp á hjallabrún.
 - III. Frá Flekabarðshól suðaustur að Kofalind og dokk þar út og upp af, sömulaiðis upp á hjallabrún.
 - IV. Milli Kofalindar og Klaufalindar, upp á hjallabrún.
 - V. Milli Klaufalindar og Klaufagils, upp á hjallabrún.
- Þá skiftist efri skógurinn, svo nefndur Hjallaskógur, sem nær niður á hjallabrún þannig:
- VI. Frá Klaufagili að suðaustan, út gegnt Kofa að Grásteini.
 - VII. Frá Grásteini út gegnt miðju Klettabandi við Merkjugil.
 - VIII. Þaðan út að Merkjugili.

Í skógi þessum hefir töluvert verið grisjað, svo ætla má að skipting þessi gæti komið að notum, ef eftir henni verður farið.

Á Hlíðarenda virðist mér heppilegast að skifta skóginum í átta reiti eða spildur upp og ofan eftir fjallshlíðinni, verður þá hver þeirra um 60 metra á breidd. I. hluti mætti þá vera suður við merkin, og svo reitaröðin norður hlíðina. Kjarr þetta sem allt er 12 - 14 fet á hæð, hefir dálítið verið grisjað, en æði mikið á strjálíngi. Þar hafa orðið ábuenda skifti í vor, Benedikt Kristjánsson, sem þar bjó er fluttur í burt, en þangað kominn Sigurður Þorsteinsson.

Í Fremsta-Felli virðist mér heppilegast að skifta skóginum í tvo helminga, með stíg eftir hlíðinni endilangri. Síðan hvorum þessara hluta í fjórar jafnar spildur upp og niður eftir hlíðinni um 120 metra á breidd. I. ætti þá að vera í neðri spildu norður við merki, II. í efri spildu norður við merki. III. í neðri spildu suður af I, IV. í efri spildu suður af II. o. s. frv. Í þessum skógi hefir nokkuð verið grisjað, en æði mikið er það á strjálíngi.

Í Fosseseli mætti skifta skóginum ofan við götu í 3 jafnar spildur. I. suður við merki og svo röðin norður á við. Þegar svo búið er að grisja þetta svæði, mætti skifta skóginum neðan við götum í 4 eða 5 reiti. Dálitið hefur verið grisjað þar í skóginum og það meira samhangandi en víða annarsstaðar.

Knútsstaðaskógur í Aðaldalshraunum er töluvert víðáttumikill skógur, en sundurslitán af miklum hraunbrunum. Laxmýrar bræður eiga Knútsstaði og eru þeir lítilsháttar farnir að grisja þar. Hugsa þeir sér að selja eldsneyti þaðan til Húsavíkur. Er það um 15 km. vegalengd eftir ágætum akvegi. Skógarholti sem liggur norðan til í skóglendinu mætti skifta í tvo hluta, með akfærum vegi vestur rétt sunnan við háholtið. Er þá I norðan við akveginn en II sunnan við hann. Nú þegar má komast með kerru af Húsavíkurveginum, þétt að holtinu eftir Sýlalækjargötunni, og er fyrirætlunin að halda svo áfram vestur í skóginn eins og ég hefi þegar dregið á. Bákholt eru sunnar og vestar, og má skifta þeim síðar þegar búið er að grisja Skógarholtið. Þeim mætti t. d. skifta eftir Hraunkotsgötunni og með línunum út frá henni, en næstu árin býst ég ekki við að verði grisjað meira en Skógarholtið. Í hrauninum eru hér og þar allgóðir kjarrblettir, sem tilheyra öðrum jörðum og væru þess verðir að vera grisjaðir, en áhugi er lítill og framkvæmdir engar.

Þó skal ég geta þess að Benedikt Baldvinsson í Garði, tók menn sína frá slætti og lét þá fara í skóg með mér, til þess ég gæti sýnt bæði sér og þeim hvernig grisja skal. Í hrauninum er farinn að sjást nýgræðingur upp af fræi hér og þar. Skógurinn ber því fullþroskað fræ, og er enginn hæfi á að hann getur risið úr rústum, ef honum veri sömi sýndur.

Á Meiðavöllum skiftist svo nefndur Geithöfðaskógur þannig: Skógurinn skiftist í tvo hluta með stíg eða braut, sem liggi yfir háhöfðann frá norðvestri til suðausturs, rétt austan undir gerðinu sem þar er. Skógurinn suðvestan við þennan stíg skiftist svo í fjórar spildur út frá stígnum, sem líkastar á breidd. Nyrðri hlutinn skiftist aftur með stíg, sem liggi frá norðri til suðurs eftir miðjum skógarhlutanum. Hvor þessara hluta skiftist síðan í tvent, og er öllum Geithöfðaskóginum þar með skift í átta hluta.

Á Ási skiftist svonefndur Litlhöfðaskógur í tvo helminga, með stíg, sem liggi frá norðvestri til suðausturs, suðvestan í höfðanum. Hvor þessara skógarhelminga skiftist svo í fjórar jafnstórar spildur. I. verður þá norðaustan við stíginn, norðvestast. II suðvestan við hann þar andspenis. III suðaustan við I norðvestan við stíginn. IV. þar andspenis suðvestan við stíginn o. s. frv.

Fagranesskógi mætti skifta í fjórar spildur þverbeint á brekkuna, og er hver þeirra um 150 metrar á breidd. Hverri þessari spildu mætti þá skifta í tvo hluta, efri og neðri hluta. I. verður þá nyrðst að neðan, II þar upp af. III næst sunnan við að neðan, IV. þar fyrir ofan o. s. frv. Lítið sem ekkert hefir verið höggvið eða grisjað í þessum skógi, og mjög óvíst að það verði til muna fyrst um sinn. Guðmundur Jóhannesson, sem þar bjó sér dáiinn en ekkja hans býr þar nú.

Á Halldórsstöðum í Reykjadal skiftist skógurinn í átta spildur, um 80 metra á breidd, þverbeint á brekkuna. I. norður við merkin og svo röðin suður á við. Þar hefir töluvert verið grisjað fyrirfarandi ár og vonandi að það verði áfram.

Ljótstaðaskógur í Laxárdal skiftist í átta spildur þverbeint á brekkuna þannig: I frá merkjum að sunnan um 120m. á breidd norður á við. II aðrár 120 metrar á breidd norður eftir að stakri steinnibbu á holti ofan við götuna. III og IV álíka breiðar spildur norður á við norður að syðri lind. V og VI milli syðri og nyrðri lindar og er hvor þessi spilda um 100 m á breidd. Norðan við nyrðri lind koma þá að lokum VII og VIII hvor spilda fyrir sig um 100 metra breið. Í þessum skógi hefir nokkuð verið grisjað á dreifingi.

Á Halldórsstöðum í Bárðardal skiftist skógur þannig: I frá merkjum að sunnan út að grasalág og auðum hrygg þar suður og upp af, ofan við götu. II þaðan út að Sandskálagróf ofan við götu. III frá Sandskálagróf að lág utan við Sandskálalæk, ofan götu. IV þaðan út að Helmingsleyti að Helmingsmel ofan við götu. V frá Helmingsleyti út fyrir Kolagil (Kolagilskinn meðtalin). VI frá merkjum að sunnan út að sandbrotinu utan við Sandskálalæk, neðan við götu. VII þaðan út á Helmingsleyti neðan við götu. VIII frá Helmingsleyti út að Kolagili neðan við götu. Í skógi þessum hefir mjög lítið verið grisjað, og hæpið að það verði nokkuð til muna fyrst um sinn.

Einn af þeim skógum, sem ekkert er gert fyrir, en ætti þó að sitja fyrir flestum öðrum, er skógurinn í Ásbyrgi. Liggja til þess einkum þrjár ástæður. Fyrst að skógurinn er stórvaxinn og gamall og því kominn á fallanda fót, en nú orðið krökkt af nýgræðingi, sem nauðsynlegt er að friða, svo hann geti afleyst gamla skóginn á sínum tíma. Í öðru lagi vegna þess orðróms sem staðurinn hefir fengið, ætti að hlynna þar að skóginum flestum skógum fremur og í þriðja lagi þarf ekki nema um 1000 metra langa girðingu til þess að friða skóginn fullkomlega.

Í Axarfirði eru þrjú góð skógarsvæði sem enginn sómi er sýndur. 1. Ferjubakkakinn liggur suðaustur af brúnni á Jökulsá, er það álitlegur smáskógur um 100 hektara á stærð. Skógurinn vex nú orðið allvel þar sem hann er bestur. Er hann farinn að bera fullþroskað fræ, og sjást fræplöntur til muna hér og þar í rjóðrunum. 2. Akurekinnarskógur í Skinnastaða landi, er það skógurinn austan við veginn, frá ánni eða lænum utan við Ferjubakka út hjá Skinnastaða-geitakofa og upp á hálsbrún. Skógarsvæði þetta er 100-150 ha. að stærð, og geti þar vafalaust komið upp ágætur skógur á tiltölulega stuttum tíma, ef vel væri að honum hlúð. 3. skógarsvæðið er Gilsbakka og Lækjardalskinn, sem liggur austan við Gilsbakka og Lækjardalsá. Allir þessir skógar liggja í brekkum móti vestri, en þó ekki í mjög miklum halla, og fremur lágt yfir sjávarmál. Jarðvegur er góður og öll skilyrði virðast vera til að þarna geti vaxið upp góður skógur, ef hann fær frið til þess og hæfilega umhirðing. Hæð skógarins er frá 1 - 5 metrar, og öll skógarsvæðin nokkurnvegin þétt vaxin án stærri rjóðra.

Eins og ég hefi áður skýrt frá, eru ýmsir fleiri skógar á því þroskastigi að nauðsynlegt væri að skifta þeim íreiti og grisja þá mikið, en ýmsit eru þeir ekki grisjaðir neitt, og verða að líkindum ekki grisjaðir neitt til muna fyrst um sinn, eða að eigendur þeirra hafa ekki fallist á að réttara væri að grisja þá eftir reita-skifttinguna. Undir þessum kringumstæðum hefi ég ekki séð til neins að skifta slíkum skógum að þessu sinni.

Í öllum sveitum sýslunnar nema Mývantssveit, hefi ég skoðað að ýmsa fleiri skóga enn hér hafa verið taldir, og reynt að hvetja

eigendur þeirra eða umráðamenn, til að hagnýta sér þá, um leið og þeir gagna skógunum með því að grisja þá. En allir þessir skógar eiga það sameiginlegt, að þeir eru nær ekkert grisjaðir og ekki mikil von fyrir að á því verði breyting fyrst um sinn. Þó má óhætt fullyrða að allir þessir skógar eru í framför, og sumir í góðri framför, því að gróðrarmagn skóganna er mikið meira en að það vegi á móti þeim ágangi sem þeir verða fyrir, svo skógarnir bæði hækka og stækka að viðáttu um alla sýsluna.

Vöglum 11. jan. 1916.

Stefán Kristjánsson.